



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 27. október 2025
25093373/102.05 IA

Efni: Reiknað framlag til menningarsjóðs

Bókun: Óskað er eftir útreikningi á framlagi bæjarins til Lista- og menningarsjóðs Mannlífs- og menningarnefndar ef það væri í samræmi við reglur sjóðsins eða 0,5% af 6,7% útsvarsstofni Kópavogsbæjar. Í dag er framlagið 50 milljónir. Einnig er óskað eftir að málið verði tekið til skoðunar við gerð fjárhagsáætlunar.

Samkvæmt ársreikningi ársins 2024 var útsvar bæjarins 34.510 m.kr. Af þessari fjárhæð hefði ofangreint hlutfall verið um 78,2 m.kr. Í fjárhagsáætlun 2025 voru útsvarstekjur áætlaðar um 37.505 m.kr. en af þeirri fjárhæð gæfi hlutfallið um 85 m.kr. og í fjárhagsáætlun ársins 2026 er gert ráð fyrir að útsvarstekjur verði 39.792 m.kr. og þá myndi þýða 90,2 m.kr.

Virðingarfyllst,

Ingólfur Arnarson
Deildarstjóri greiningardeildar.

